




B2B

Beintenging við bókhald



Landsbankinn

FYRIRTÆKI



BÓKHALDSKERFI

Greiðslur, innheimtur,
yfirlit, gengi o.fl.

LANDSBANKINN



ÞJÓNUSTUVEITA

▶
◀
XML


Í B2B er minni gagnainnsláttur, minni villuhætta og styttri aðgerðatími.

B2B

Beintenging við bókhald

B2B eða „**Bank to Business**“ er sérstök viðbót við Fyrirtækjabankann, ætluð til gagnaflutnings milli bankans og bókhaldskerfis fyrirtækis, s.s. Navision, DK, Axapta, Vigor og SAP.

B2B er ekki starfrækt á vefsíðu heldur innan bókhaldskerfisins. Samskiptin eiga sér stað með XML skeytasendingum í rauntíma. Notað er annað notendanafn og lykilorð en í Fyrirtækjabankanum á netinu.



232

Margvíslegir möguleikar og aukin hagkvæmni

B2B hentar öllum fyrirtækjum, stofnunum og félagasamtökum, stórum aðilum sem smáum. Kerfið er notað við alla innheimtubjónustu, gengismeðhöndlun, til að sækja stöðu og færslur bankareikninga, framkvæma innlendar og erlendar greiðslur til lánardrottna ásamt millifærslum innanlands og erlendis.

Með B2B er minni gagnainnsláttur og þess vegna minni villuhætta, vinnuferlar eru styttr, hagræði í bókhaldi aukið og bókunar- og staðfestingarferli í samskiptum bókhaldskerfisins við bankann einfaldað til muna.


Tæknilýsing

Netbankar nota textaskrár til að flytja upplýsingar frá banka yfir til bókhaldskerfis – og öfugt. B2B samskiptin eru með svonefndu XML sniði og hefur slíkum skráarflutningi vaxið ásmegin með fjölgun bankalausna sem hafa verið þróaðar sérstaklega fyrir þessa tækni. Munurinn er einkum sá að upplýsingarnar eru settar fram á lesanlegri, aðgengilegri og notendavænni hátt gagnvart bæði bókhaldskerfinu og notendum þess.

Öll samskipti eru yfir HTTPS (SSL 128 bita). Tveir samskiptastaðlar eru í boði; annars vegar hinn sígildi Landsbankastaðall sem notið hefur mikilla vinsælda allt frá árinu 2002 og hins vegar sambankastaðall (e. Icelandic Online Banking Web Services) sem hóf göngu sína árið 2007.

Leiðbeiningar og ráðgjöf

Handbækur fylgja tengingunni og hafa notendur einnig aðgang að sérstökum B2B tengiliðum í bankanum fyrir tæknilegri málefni, þeim að kostnaðarlausu.



Hafðu samband við fyrirtækjasérfræðing í næsta útibúi eða Þjónustuborð fyrirtækja í síma 410 9191

